

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2024
Tilv.:24051120

Efni: 899. og 900. mál til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Við er til tölvupósta frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sem bærust Samgöngustofu 15. maí sl., varðandi beiðnir um umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku) og um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Samgöngustofa vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri varðandi kafla 2.1, 2.2, 3.3 og 3.4 í tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu á vindorku á Íslandi.

Kafla 2.1 og 2.2 í tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Í kafla 2.2 í þingsályktunartillögunni kemur fram að það þurfi að setja skýrar reglur og viðmið um fjarlægð vindorkumannvirkja frá íbúðabyggð til að tryggja öryggi, hollustuhætti og heilsu. Það er mat stofnunarinnar að til að tryggja öryggi fólks þurfi jafnframt að setja reglur og viðmið varðandi fjarlægð vindorkumannvirkja frá flugvöllum, landingarstöðum og algengum flugleiðum, þ.á.m. flugleiðum minni loftfara í sjónflugi og æfingasvæðum sjónflugs.

Umfangsmiklar rannsóknir hafa staðið yfir víða erlendis undanfarin ár, á áhrifum vindmylla á flug og þar með flugöryggi. Flugöryggisleg áhætta samfara vindmyllum orsakast fyrst og fremst af annars vegar hæð vindmylla og hins vegar af þeirri röst (e. wake) sem snúningur vindmylluspaða orsakar. Varðandi hæðina þá eru til meðferðar í innviðaráðuneytinu drög að reglugerð um merkingu og lýsingu hindrana til verndar loftförum á flugi sem ætti að taka á þeim þætti. Varðandi þá hættu sem röst frá vindmylluspöðum skapar, þá kallar Samgöngustofa eftir því að stjórnvöld taki mið af niðurstöðum rannsókna þar að lútandi við stefnumótun um uppbyggingu vindorku á Íslandi og gagnrýnir þann stutta tíma sem stofnuninni er veitt til þess að veita umsögn um svo mikilvægt málefni. Ákveðnar rannsóknir hafa sýnt að áhættan samfara vindmyllum er mest fyrir lítil loftför. Í þessu samhengi bendir stofnunin á gildandi flugstefnu Íslands þar sem m.a. er fjallað um mikilvægi þess að góð aðstaða til verklegrar flugkennslu sé tryggð, en nú þegar er sótt að því að nýta sömu svæði á landinu fyrir vindmyllugarða og hafa verið nýtt í áratugi fyrir æfingaflug lítilla loftfara.

Samgöngustofa telur mikilvægt að stofnuninni sé gert hlutverk innan „samhæfðrar opinberrar stjórnsýslu” sbr. kafla 2.1. til að tryggja að ætíð sé lagt mat á áhrif vindmyllu á flug sem og aðrar samgöngur. Jafnframt bendir Samgöngustofa á víðtækar heimildir sem stofnunin hefur, t.d. með vísan í lög um loftferðir nr. 80/2022, til að láta fjarlægja mannvirki sem hafa neikvæð áhrif á flugöryggi.

Kafla 3.3 og 3.4 í tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Í kafla 3.4 er fjallað um vindorku á hafi úti. Í kaflanum er lítið sem ekkert fjallað um áhrif vindorkuvera á siglingar eða á öryggi siglinga við landið. Mikilvægt er að þegar kemur að úthlutun slíkra svæða verði þær stofnanir, sem hafa með öryggi siglinga að gera, hafðar með í ráðum frá upphafi og þess sérstaklega gætt að ekki verði úthlutað svæðum sem haft geta

neikvæð áhrif á siglingaleiðir og öryggi siglinga. Í því sambandi er rétt að benda á að við gerð strandsvæðaskipulags aust- og vestfjarða var ekki nægilegt tillit tekið til siglingaleiða og öryggis siglinga við úthlutun svæða, sem hefur leitt til óvissu um nýtingu og siglingaöryggi sem ekki er búið að leysa úr. Nú þegar hafa tvö erlend fyrirtæki sótt um rannsóknarleyfi fyrir vindorkuver á fjölförnum siglingaleiðum á hafi úti, en slík staðsetning gæti ógnað öryggi siglinga.

Í kafla 3.3 er fjallað um stærð vindorkuvera. Samgöngustofa vill benda á að þrátt fyrir að einstakar vindmyllur geti verið heppilegri kostur þá geti slíkar vindmyllur verið ógn við samgönguöryggi, á sama hátt og stærri vindorkuver.

Samgöngustofa bendir á að ákvæði laga nr. 139/1999 um vitamál gilda m.a. um farartálma. Auk þess er rétt að benda á að Húsnaðis- og mannvirkjastofnun þarf að koma að leyfisveitingum vegna mannvirkja á hafi.

Að lokum tekur Samgöngustofa undir nauðsyn þess að einfalda og vanda aðkomu viðeigandi stjórnvalda að hugsanlegum byggingaleyfum vindorkuvera á hafi og að taka þurfi tillit til þeirrar sérstöðu sem slíkar framkvæmdir hafa, vegna samgangna og öryggis þeirra.

Virðingarfyllst

Erla Daðadóttir